

# Skagafjarðarveitur ehf.

Aðalfundur 11.06. 2009

---

Aðalfundur Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2008 haldinn fimmtudaginn 11. júní kl. 14.00 í húsi Skagafjarðarveitna ehf að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

## ADALFUNDARDAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Breytingar á samþykktum.
6. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
8. Önnur mál

## AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og gerði að tillögu sinni að Páll Dagbjartsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Tilaga um Árni Egilsson sem fundarritara samþykkt.

1. Einar Gíslason flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu ári.
2. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir og skýrði ársreikning félagsins fyrir árið 2008.  
Rekstrartap félagsins var kr. 197.908.107.- Heildareignir félagsins eru að upphæð kr. 1.056.294.166.- og eigið fé kr. 177.225.442.-

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Umræður fóru fram um framkvæmdir félagsins á liðnum árum og stöðu félagsins til að fara í framkvæmdir á næstu árum.

Ársreikningurinn var síðan borinn upp til samþykktar.

*Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.*

3. Tillaga var borin upp um að tap ársins verði fært ójafnað til næsta árs.  
*Samþykkt samhljóða.*
4. Tillaga lögð fram um að laun stjórnarmanna skulu taka mið af launum fyrir nefndir 1 / fastanefndir hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.  
*Samþykkt.*
5. Engar breytingar á samþykktum liggja fyrir fundinum.

6. Tillaga um stjórnarmenn og endurskoðanda borin upp:

Aðalmenn:

Einar Gíslason  
Páll Dagbjartsson  
Pétur Valdimarsson

Varamenn:

Viggó Jónsson  
Jón Sigurðsson  
Hólmfríður Guðmundsdóttir

Endurskoðandi:

Kristján Jónasson, KPMG Endurskoðun, Sauðárkróki.

*Samþykkt samhljóða.*

7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.  
Ekkert lá fyrir undir þessum lið.
8. Önnur mál. Engin

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 15.05

Páll Dagbjartsson fundarstjóri (sign)

Árni Egilsson ritari (sign)